

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Gunnarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Honum ber að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 1500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1962.

Nr. 154/1961. **Ákæruvaldið**

(Páll S. Pálsson settur saksóknari)

gegn

Einari Gunnari Einarssyni

(Kristján Guðlaugsson hrl.)

og

Jóni Andrési Sveini Valberg Hallgrímssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Brot gegn 248. gr. og 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

I.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson.

Ákærði var starfsmaður á fasteignasöluskrifstofu Einars Gunnars Einarssonar og Guðlaugs Einarssonar héraðsdóms-lögmanna. Var honum m. a. falið að afla umboða frá aðiljum, sem selja vildu fasteignir, og leita síðan tilboða í þær, en sammingsgerðir og önnur lögfræðileg störf í sambandi við fasteignasöluna hafði ákærði Einar Gunnar Einarsson á hendi. Í máli þessu er ákærði Jón Andrés Sveinn sakað-

ur um misferli við milligöngu um sölu húseignanna nr. 7 við Þrastargötu í Reykjavík og nr. 52 B við Njálsgötu s. st. Í ákæruskjali er háttsemi hans í báðum þessum tilvikum talin varða við 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

A. Sala húseignarinnar nr. 7 við Þrastargötu.

Í júlímánuði 1958 hafði Gunnar Jónsson, sem í málinu greinir, falið fasteignasöluskrifstofunni að annast sölu húseignar sinnar nr. 7 við Þrastargötu. Ákærði Jón Andrés Sveinn fékk vitneskju um, að Jóhannes Helgason hefði hug á að kaupa eign þessa fyrir kr. 160.000.00, en jafnframt var honum kunnugt um, að Gunnar Jónsson mundi samþykkja sölu við lægra verði. Kom honum þá til hugar að hagnast sjálfur á sölu eignarinnar með því að koma á kaupum til bráðabirgða fyrir það verð, sem Gunnar sætti sig við, og selja síðan Jóhannesi eignina fyrir hærra verð. Leitaði ákærði til kunningja síns Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar og fékk hann til að gera Gunnari Jónssyni ýmis tilboð í húseignina. Voru það undirmál þeirra ákærða og Guðvarðs, að ákærði bæri veg og vanda af kaupunum, ef þau kæmust á, og seldi svo eignina fljótlega aftur. Eins og rakið er í héraðsdómi, samþykkti Gunnar að lokum að selja Guðvarði húseignina fyrir kr. 110.000.00, enda var honum ókunnugt um, þegar frá þeim kaupum var gengið, hinn 10. september 1958, að fram var komið tilboð frá Jóhannesi um að kaupa eignina fyrir kr. 160.000.00. Eftir þetta annaðist svo fasteignasöluskrifstofan sölu húseignarinnar til Jóhannesar fyrir kr. 160.000.00. Mismun kaupverðanna, kr. 50.000.00, kveðst ákærði Jón Andrés Sveinn hafa ætlað að hirða sjálfum sér til handa.

Sú háttsemi ákærða að leyna seljanda fasteignarinnar, Gunnar Jónsson, kauptilboði Jóhannesar Helgasonar í því skyni að afla sér framangreinds ávinnings varðar við 248. gr. laga nr. 19/1940, svo sem dæmt er í héraði. Einnig má fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði 138. gr. sömu laga taki ekki til brots ákærða.

B. Sala húseignarinnar Njálsgötu 52 B.

Í héraðsdómi er rækilega lýst, hvernig háttað var sölu á

húseigninni nr. 52 B við Njálsgötu og tildrögum sölunnar. Guðjón Jónsson, sá er eignina keypti af Árna Björgvin Jósefssyni, hefur fullyrt, að hann hafi einungis gert kaupin í því skyni að útvega bróður sínum húsnæði eftir beiðni hans, og verður sá framburður ekki talinn grunsamlegur. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sýknuákvæði dómsins, að því er til þessa ákæruatriðis tekur.

II. Ákærði Einar Gunnar Einarsson.

Í ákæruskjali er ákærði Einar Gunnar sakaðar um hlutdeild í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins, að því er tekur til milligöngu um sölu húseignarinnar nr. 7 við Þrastargötu. Er brot ákærða Einars Gunnars talið varða aðallega við 248. gr. sbr. 22. gr. og 138. gr. laga nr. 19/1940, en til vara við 254. sbr. 138. gr. sömu laga.

Samkvæmt skýrslu ákærða Einars Gunnars kom Gunnar Jónsson á fasteignasöluskrifstofu hans síðast í ágústmánuði 1958. Kveðst ákærði þá hafa gert uppkast að tilboði, þar sem Gunnar Jónsson býðst til að selja Guðvarði Skagfjörð Sigurðssyni húseignina nr. 7 við Þrastargötu fyrir kr. 110.000.00 með tilteknum greiðsluskilmálum. Hafi Gunnar síðan undirritað skjalið sem tilboðsgjafi, en Guðvarður hafi þá ekki verið viðstaddur. Með því að Gunnar Jónsson hafi þá verið á förum úr bænum, kveðst ákærði hafa ætlað að geyma tilboð hans, unz séð yrði, hvort Guðvarður vildi ganga að því.

Hinn 5. september 1958, er Gunnar Jónsson var enn fjarverandi úr bænum, kom Jóhannes Helgason á fasteignasöluskrifstofuna, gerði tilboð um kaup á greindri húseign fyrir kr. 160.000.00 og afhenti skrifstofunni kr. 5000.00 til tryggingar því, að hann stæði við tilboðið. Samkvæmt eiðfestum framburði Jóhannesar voru báðir hinir ákærðu, Einar Gunnar og Jón Andrés Sveinn, þá staddir á skrifstofunni, og kveður hann þá báða hafa vitað um tilboð sitt, enda hafi hann sett tryggingarféð að ráðum beggja. Ákærði Einar Gunnar hefur og kannast við, að hann hafi ritað meginmál kvittunar þeirrar fyrir tryggingarfénu, sem Jóhannesi

var afhent, og er því ljóst, að hann hefur verið viðstaddur, þegar Jóhannes gerði tilboð sitt.

Þegar Gunnar Jónsson var aftur kominn til bæjarins, fór hann á skrifstofu ákærða hinn 10. september 1958. Kveður ákærði Einar Gunnar, að þá hafi verið fastmæli um bundið, að Gunnar seldi Guðvarði húseignina fyrir kr. 110.000.00, en með breyttum greiðsluskilmálum frá því, er áður hafði verið ráð fyrir gert. Galt ákærði Einar Gunnar þá Gunnari Jónssyni kr. 50.000.00 úr sjálfs sin sjóði upp í kaupverðið. Hefur Gunnar Jónsson stöðugt haldið því fram og eiðfest þá skýrslu sína, að honum hafi þá ekki verið gert kunnugt um tilboð Jóhannesar, og hafi hann ekki um það vitað fyrr en löngu síðar. Í prófum málsins staðhæfði ákærði Einar Gunnar margsinnis, að hann hefði skýrt Gunnari Jónssyni frá tilboðum þeirra beggja, Guðvarðs og Jóhannesar, áður en til fullnaðar var gengið frá söluinni til Guðvarðs. Hafi Gunnar átt þess kost að velja á milli tilboðanna, en þótt tilboð Guðvarðs aðgengilegra, þar sem greiðsla við samningsgerð hafi verið hærri samkvæmt því tilboði. Síðar viðurkenndi ákærði, að hann hefði ekki skýrt Gunnari frá tilboði Jóhannesar, en breytti jafnframt framburði sínum á þá leið, að hinn 10. september hafi honum ekki verið kunnugt um tilboð Jóhannesar. Sú staðhæfing brýtur í bága við fyrri framburð hans, eiðfesta skýrslu Jóhannesar og þá staðreynd, að ákærði var viðstaddur, þegar Jóhannes gerði tilboð sitt hinn 5. september. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir ákærði Einar Gunnar hafa gerzt samsekur ákærða Jóni Andrésí Valberg um að leyna Gunnar Jónsson tilboði Jóhannesar. Varðar það brot hans við 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940. Verður ekki talið, að hér sé um hlutdeildarbrot að ræða, en þar sem ákært er fyrir hlutdeild samkvæmt 22. gr. greindra laga, verður refsing ekki ákveðin hærri en fyrir hlutdeildarbrot.

III.

Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Einar Gunnar Einarsson sé sviptur rétti til málflutnings fyrir héraðsdómi. Réttindasvipting samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 verður ekki dæmd, enda hefur saksóknari fallið frá kröfu um hana, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Verjandi ákærða Einars Gunnars Einarssonar hefur afsalað sér málsvarnarlaunum í Hæstarétti, ef svo færi, að skjólstæðingur hans yrði sakfelldur. Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málflutningslaun, kr. 7000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, greiði hinn ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Gunnar Einarsson og Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson, sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um, að ákærði Einar Gunnar Einarsson sé sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg greiði skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 7000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. febrúar 1961.

Ár 1961, laugardaginn 25. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörns-

syni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1022—1023/1961: Ákæruvaldið gegn Einari Gunnari Einarssyni og Jóni Andrési Sveini Hallgrímssyni Valberg.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 3. maí 1960, gegn Einari Gunnari Einarssyni héraðsdómslögmanni, Heiðargerði 114, og Jóni Andrési Sveini Hallgrímssyni Valberg, Langagerði 106, báðum hér í borg.

Verður hér tekið upp orðrétt meginmál ákæruskjals:

„Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

I. Í júlí 1958 bað Gunnar Jónsson, þá til heimilis Þrastargötu 7, fasteignasölu Einars Gunnars Einarssonar hdl. og Guðlaugs M. Einarssonar hdl., Reykjavík, um að annast sölu á húseign hans, Þrastargötu 7. Sölumaður fasteignasöluinnar, ákærði Jón A. S. Valberg Hallgrímsson, fékk Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson kaupmann, Bröttugötu 3, til að gera tilboð í nefnda eign fyrir sig (Valberg), þannig að svo leit út sem Guðvarður væri hinn raunverulegi tilboðsgjafi, en í raun og veru var það ákærði Valberg, sem ætlaði sér að verða eigandi eignarinnar. Lokatilboð Guðvarðs í eignina var kr. 110.000.00, er skyldi greiddast þannig, að kr. 70.000.00 skyldu greiddar í peningum, en kr. 40.000.00 með skuldabréfi, tryggðu með 1. veðrétti í eigninni. Gerður var bindandi samningur um kaup eignarinnar á þessum grundvelli 10. sept. 1958. Greiddi ákærði Einar Gunnar þá seljanda af útborguninni kr. 50.000.00, og nokkru síðar greiddi annarhvor ákærðu eftirstöðvar hennar, kr. 20.000.00.

Nokkrum dögum áður en fastmælum var bundið um nefnd kaup, hafði Jóhannes Helgason útvarpsvirki gert kauptilboð í nefnda eign, að upphæð kr. 160.000.00. Var það 5. september 1958, og greiddi hann þá ákærðu kr. 5.000.00 til tryggingar því, að hann stæði við tilboðið, og um mánuði síðar var gengið frá kaupum á eigninni til Jóhannesar. Samþykkti hann þá vixil, að fjárhæð kr. 60.000.00, þannig að útborgun hans varð í peningum og vixli samtals kr. 65.000.00. Eftirstöðvar kaupverðsins gerði hann upp þannig, að hann gaf út veðskuldabréf, tryggt með 1. veðrétti í eigninni, að upphæð kr. 40.000.00, og annað veðskuldabréf, að upphæð kr. 55.000.00, tryggt með 2. veðrétti í eigninni. Vixilinn greiddi Jóhannes síðan upp, og var eigninni afsalað beint frá Gunnari til Jóhannesar. Er afsalið dags. 3. nóv. 1958.

Ákærðu létu Gunnar aldrei vita um kauptilboð Jóhannesar, og ekki skýrðu þeir Jóhannesi frá söluverðinu til Gunnars.

Með því að leynd Gunnar kauptilboði Jóhannesar í því skyni

að hagnast sjálfur á sölu húseignarinnar til Jóhannesar um kr. 50.000.00 og leyna Jóhannes hinu raunverulega söluverði til Gunnars þykir ákærði Jón A. S. Valberg Hallgrímsson hafa brotið almenn hegningarlög nr. 19/1940, 248. gr., sbr. 138. gr.

Ákærði Einar Gunnar þykir hafa aðstoðað ákærða Valberg við framkvæmd fyrrgreinds brots og viðhaldið ástandi því, er af brotinu leiddi. Þykir ákærði Einar Gunnar aðallega hafa brotið 248. gr. sbr. 22. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, en til vara 254. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

II. Í apríl 1959 fékk Árni B. Jósefsson, nú til heimilis Silfurtúni 8, Garðahreppi, nefndri fasteignasölu til sölu eignarhluta hans í húseigninni Njálsgata 52 B. Tjáði Árni báðum ákærðu, að Ingimar Jónsson, sem átti hluta af nefndri húseign, hefði boðið sér (Árna) kr. 40.000.00 fyrir eitt herbergið í eignarhluta Árna, ef það væri selt sérstaklega. Staðhæfir Árni, að báðir ákærðu hafi eindregið ráðlagt honum að selja ekki þetta eina herbergi sérstaklega, því það myndi eyðileggja sölu á hinum hluta eignarhlutans.

Ákærði Valberg benti mági sínum Guðjóni Jónssyni kennara, sem var á þessum tíma að leita að húsnæði fyrir bróður sinn Ara, sem þá bjó í Borgarhöfn í Suðursveit (sic). Virðist Guðjón fyrst hafa boðið í allan eignarhluta Árna kr. 200.000.00, 4. maí, að því er Guðjón segir. Árni vildi ekki selja eignarhlutann fyrir þetta verð, en hinn 6. maí samþykkti hann kauptilboð Guðjóns í eignarhlutann, að upphæð kr. 220.000.00. Var gengið endanlega frá kaupsamningi um eignarhlutann 9. maí 1959.

Áður en gengið var endanlega frá nefndum kaupum 9. maí, hafði ákærði tal af eiginkonu nefnds Ingimars Jónssonar og bauð henni til kaups herbergi það, er áður greinir úr eignarhluta Árna fyrir kr. 60.000.00. Konan tjáði Valberg, að hún og maður hennar, Ingimar, væru reiðubúin að kaupa herbergið fyrir kr. 50.000.00 staðgreiðslu.

Ákærði Valberg lét Árna ekkert vita um þetta tilboð Ingimars og konu hans.

Guðjón seldi síðan nefnt herbergi nefndum Ingimar fyrir kr. 50.000.00 staðgreiðslu. Er kaupsamningurinn dags. 12. maí. Hinn hluta eignarhlutans seldi hann síðan Kristni Óskarssyni fyrir kr. 250.000.00, og er sá kaupsamningur dags. 6. júní 1959.

Með því að leyna Árna nefndu kr. 50.000.00 kauptilboði Ingimars í nefnt herbergi, í því skyni að Árni gengi endanlega frá sölunni á öllum eignarhlutanum til Guðjóns fyrir augljóslega

of lágt verð og til þess að þeir bræðurnir Guðjón og Ari gætu endurselt eignina aftur þá þegar eða fljótlega, þykir ákærði Valberg hafa brotið 248. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

III. Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði Einar Gunnar verði að auki sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi samkvæmt 63. gr. 1. mgr., hegningarlaganna.“

Ákærði Einar Gunnar Einarsson er fæddur í Reykjavík 10. júní 1926. Hann hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu nema einni 50 kr. sekt fyrir umferðarbrot. Hann lauk kandidateisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1952. Hinn 8. marz 1955 var honum veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Rak hann síðan um árabíl málflutningsskrifstofu og fasteignasölu hér í borg ásamt Guðlaugi Magga Einarssyni héraðsdómslögmanni, bróður sínum.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg er fæddur að Mælifellsá í Lýtingsstaðahreppi hinn 15. okt. 1919. Hann hefur áður sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1948 23/11 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 4/3 — Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 6/4 — Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. og 26. gr. bifreiðarlaga og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1950 16/5 Rvík. Dómur lögregluréttar: 6000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum og tolllögum.
- 1951 17/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1952 17/7 — Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.
- 1953 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
- 7/10 Rvík. Kærður fyrir ólögl. bifreiðarstæði. Fellt niður.
- 1954 6/1 — Dómur: 4000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot á 15. sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga.
- 1955 26/10 Rvík. Kærður fyrir umferðarlagabrot. Fellt niður.
- 1957 21/1 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðarstæði.

Ákærði Jón Andrés Sveinn réðst í apríl 1957 til starfa hjá þeim bræðrum, Guðlaugi Magga og ákærða Einari Gunnari. Starfaði hann að fasteignasölunni, og samkvæmt munnlegum samningum skyldi hann hafa að launum fyrir störf sín $\frac{1}{3}$ hluta af brúttótekjum af fasteignasölunni. Hann skyldi og leggja til og kosta

bíl, er hann notaði við starfið. Sjálfur hafði Jón Andrés Sveinn ekki öðlazzt leyfi til rekstrar fasteignasölu. Þeir Guðlaugur Maggi og ákærði Einar Gunnar sáu um allar samningagerðir út af kaupum og sölu fasteigna, og þó einkum Einar Gunnar. Ákærði Jón Andrés Sveinn starfaði að fasteignasölunni til hausts 1959, en hætti þeim störfum, eftir að farið hafði fram dómsrannsókn sú, er leiddi síðar til höfðunar þessa máls.

Verða nú rakin sakargögn.

I.

Um mitt sumar 1958 leitaði til fasteignasölu ákærðu Gunnar Jónsson verkamaður, nú til heimilis að Gnoðarvogi 36 hér í borg. Hann var þá eigandi hússins nr. 7 við Þrastargötu, en var í þann veginn að festa sér íbúð þá, sem hann býr í nú, og þurfti þá að selja hús sitt. Samkvæmt veðbókarvottorði má húsið (Þrastargata 7), sem er lítið einbýlishús úr timbri, standa í 10 ár frá 1. júlí 1958 að telja.

Gunnar taldi sig þurfa að fá um 140 þús. krónur fyrir húsið og vildi fá 70—80 þúsund króna útborgun. Segir Gunnar, að í ágústmánuði hafi allmargir komið til að líta á íbúðina. Rétt fyrir mánaðamót ágúst—september segir hann, að hann hafi fengið tilboð í húsið frá Guðvarði nokkrum Skagfjörð Sigurðssyni. Hljóðaði tilboðið á 120 þúsund króna kaupverð með 80 þúsund króna útborgun. Kveðst Gunnar hafa samþykkt tilboðið. Hinn 1. sept. hafi hann farið úr bænum og komið aftur eftir 10 daga og farið þá strax til fasteignasölu ákærðu til að ganga frá kaupunum. Þá hafi verið búið að breyta tilboðinu á þann veg, að kaupverð skyldi vera 110 þúsund krónur, en útborgun 60 þúsund. Þessu kvaðst Gunnar hafa hafnað. Gunnar kveðst hafa rætt við ákærða Einar Gunnar í þetta skipti, og hafi hann nú boðizt til að hækka útborgun úr 60 í 70 þúsund krónur. Kveðst Gunnar hafa verið í fjárþröng og gengið að tilboði þessu. Ekki hafi verið gengið frá formlegum kaupsamningi, en kaupunum slegið föstum og ákærði Einar Gunnar þegar greitt 50 þúsund krónur af kaupverðinu með tékka. Tékki þessi, sem fyrir liggur í málinu, undirritaður af ákærða Einari Gunnari, er dagsettur 10. sept. 1958. Gunnar segir, að næsta dag hafi ákærði Jón Andrés Sveinn svo greitt eftirstöðvar útborgunarinnar, 20 þúsund krónur. Eftir þetta hafi orðið bið á, að gengið væri frá formsatriðum um kaup þessi. Löngu síðar, eða nær áramótum, hafi hann fengið boð um að koma til skrifstofunnar og ganga frá kaupunum. Er þang-

að kom, hafði legið fyrir afsalsbréf fyrir eigninni, þar sem henni var afsalað til Jóhannesar Helgasonar, en þann mann hafi hann þá ekkert vitað um. Enn fremur hafi legið fyrir veðskuldarbréf, tryggt með 1. veðrétti í Þrastargötu 7, að fjárhæð kr. 40.000.00. Ákærði Einar Gunnar hafi óskað eftir því, að hann (Gunnar) undirritaði afsal þetta. Guðvarður hafði selt Jóhannesi húsið, og væri í alla staði löglegt að afsala húsinu beint til Jóhannesar. Kveðst Gunnar ekkert hafa haft við þetta að athuga, að svo vöxnu máli, og undirritað afsalið og tekið við skuldabréfi Jóhannesar. Í afsalinu er kaupverð eignarinnar ekki tilgreint. Afsalið er dagsett 3. nóvember 1958, en Gunnar fullyrðir, að það hafi verið alllöngu síðar, sem hann undirritaði það, eða nær áramótum, sem fyrr getur.

Gunnar kveðst ekki hafa vitað annað en að hann seldi Guðvarði húsið, og um söluverð þess til Jóhannesar hafi hann ekkert vitað, en frá því verður brátt greint.

Jóhannes Helgason útvarpsvirki, nú til heimilis Þrastargötu 7, fæddur 1936, skýrir svo frá, að sig hafi á umræddum tíma vant að íbúð til leigu. Hann hafi snúið sér til ákærða Jóns Andrésar Sveins, sem hann hafi þekkt nokkuð og hafi hann bent á ýmsar íbúðir, en ekki orðið af leigumála. Í byrjun september 1958 hafi Jón Andrés Sveinn sagt sér, að Þrastargata 7 væri til sölu með viðráðanlegum kjörum, þ. e. kaupverð 160 þúsund krónur með 80 þúsund króna útborgun, er þó mætti ef til vill lækka nokkuð. Jóhannes kveðst hafa skoðað húsið og sagt að því búnu, að hann væri fús á að kaupa það fyrir 160 þúsund, en of mikið þætti sér að borga 80 þúsund krónur út. Ákærði Jón Andrés Sveinn hafi sagt, að hann skyldi ræða við eigandann, Gunnar Jónsson, um væntanlega lækkun. Jóhannes segir, að Jón Andrés Sveinn hafi haldið því fram, að eigandinn byggi ekki í húsinu, heldur leigjendur, og einnig minnir Jóhannes, að ákærði Einar Gunnar hafi sagt hið sama. Þeir hafi talið sig hafa fullt umboð Gunnars til að ganga frá kaupnum. Þeir hafi nú óskað þess, að hann greiddi 5000 krónur sem geymslufé til tryggingar því, að hann stæði við tilboð sitt. Jóhannes greiddi síðan fjárhæð þessa og fékk kvittun fyrir. Kom kvittunin fram í máli þessu og er dagsett 5. september 1958. Er meginmál ritað með rithendi Einars Gunnars, en Andrés hefur undirritað hana.

Alllöngu síðar kveðst Jóhannes hafa komið til ákærða til að ganga frá kaupnum formlega. Hann hafi þá undirritað tilboð um kaup á eigninni fyrir 160 þúsund krónur. Skyldu greidd

65 þúsund við undirskrift samnings, 40 þúsund á næstu 10 árum, og skyldi skuld sú tryggð með 1. veðrétti og 55 þúsund með skuldabréfi, er skyldi greitt á 5 næstu árum og vera tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í eigninni. Síðastnefnt skuldabréf kom fram í málinu, svo sem síðar verður vikið að. Er það raunar að fjárhæð 60.000.00 krónur, en ekki 55.000.00, svo sem samningurinn gerir ráð fyrir. Hefur ekki fengizt skýring á því, hvernig á því misræmi stendur.

Ekki man Jóhannes fyrir víst, hvenær hann undirritaði tilboð þetta. Í fyrstu taldi hann, að það hefði gerzt um það bil mánuði eftir að hann gerði tilboðið og greiddi 5000 krónurnar. Síðar hefur hann sagt, að hann geti ekkert fullyrt um þetta. Hann muni ekki fyrir víst, hvort það hafi gerzt áður eða eftir að hann fluttist á Þrastargötu 7 (en það mun hafa verið í byrjun nóvember 1958).

Jóhannes afhenti óundirritað afrit af kauptilboði sínu. Er það dagsett 2. október 1958. Jóhannes kveðst aldrei hafa fengið í hendur neinu skjöl varðandi kaupin, önnur en afrit þetta. Hann segir, að ákærðu hafi tekið að sér að sjá um öll formsatriði við kaupin, stimplun skjala og þinglýsingu.

Jóhannes segir, að í lok janúar 1959 hafi hann beðið ákærða Einar Gunnar að annast skattaframtal fyrir sig og fengið honum í hendur skýrslu yfir tekjur sínar. Segir Jóhannes, að Einar Gunnar hafi, að honum viðstöddum, skrifað skýrsluna á ritvél. Kveðst Jóhannes svo hafa skrifað undir skýrsluna, en ekki gefið sér tíma til að lesa hana fyrst, enda hafi hann verið á hraðri ferð. Löngu seinna hafi hann komizt að því, að skattframtalinu hafði aldrei verið skilað. Þá hafi hann farið til skrifstofu ákærðu til þess að fá að vita, hverju þetta sætti. Ákærðu hafi ekki verið viðstaddir, en skrifstofumaður þeirra hafi fundið skýrsluna og fengið honum hana, en hann kveðst síðan hafa afhent hana skattstofunni.

Afrits hefur verið aflað af skattframtali Jóhannesar fyrir árið 1959. Er þar gerð svofelld grein fyrir húsakaupum hans: „Keypti húseignina nr. 7 við Þrastargötu af Gunnari Jónssyni, Gnoðarvogi 26, fyrir kr. 110.000.00.“ Þessar skuldir Jóhannesar eru tilgreindar: Gunnar Jónsson, Gnoðarvogi 26, kr. 40.000.00, Útvegsbanki Íslands, víxill, kr. 35.000.00, handhafabréf kr. 22.000.00.

Jóhannes segir, að meðan á samningum stóð, hafi ákærðu jafnan tilgreint Gunnar Jónsson sem seljanda eignarinnar, en Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson hafi hann ekki heyrt nefndan á nafn.

Þeir Gunnar og Jóhannes munu hafa kynnt einhverntíma fyrri hluta árs 1959. Er þeir báru saman bækur sínar um húsa-kaupin, varð þeim ljóst, hvernig í viðskiptunum lá, og nú fyrst frétti Jóhannes, að Gunnar hafði selt eignina fyrir 110 þúsund kr., og Gunnar, að Jóhannes hafði keypt fyrir 160 þúsund krónur. Leiddi þetta til þess, að þeir óskuðu sameiginlega eftir opinberri rannsókn út af viðskiptum þessum. Áður segjast þeir hafa án árangurs leitað til ákærðu um leiðréttingu.

Kæra þeirra félaga er dagsett 2. nóvember 1959. Var dómsrannsókn hafin út af henni hinn 4. nóvember og haldið áfram næsta dag. Þá játaði ákærði Jón Andrés Sveinn, að hann hefði séð sér færi á að hagnast sjálfur á kaupum og sölu á umræddu húsi, og fengið því kunningja sinn, Guðvarð Skagfjörð Sigurðsson, til að kaupa eignina til málamynda, selt hana síðan Jóhannesi Helgasyni fyrir 50 þúsund krónur meira en hún hafði verið keypt á og stungið ágóðanum í eigin vasa.

Játningu þessa gerði ákærði Jón Andrés Sveinn fyrst eftir alllangt þóf og, eftir að Guðvarður Skagfjörð hafði breytt fyrsta framburði sínum og játað, að hann hefði engan raunverulegan þátt átt í kaupunum. Þykir ekki verða hjá því komizt að rekja hér í aðalatriðum það, sem fram kom við rannsóknina. Er þess einkum þörf til úrlausnar því, hvern þátt ákærði Einar Gunnar hafi átt í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1959 komu fyrir dóm þeir Gunnar Jónsson og Jóhannes Helgason. Skýrðu þeir þar kæru sína, og hefur framburður þeirra þegar verið rakinn, en hann hefur í aðalatriðum verið á sömu lund í allri meðferð málsins. Að morgni 5. nóvember var yfirheyrður Guðvarður Skagfjörð Sigurðsson kaupmaður, Bröttugötu 3, fæddur 1917. Hann hélt því fram, að hann hefði keypt húsið nr. 7 við Þrastargötu fyrir 110 þúsund krónur með 70 þúsund króna útborgun. Hann minnti, að hann hefði greitt 50 þúsund, skömmu eftir að kaupin voru gerð, og nokkru síðar 20 þúsund. Ekki mundi hann, hvenær hann innti greiðslurnar af hendi né hvernig (með tékkum eða í reiðufé). Ekki kvaðst hann hafa verið viðstaddur samningagerðina. Fasteignasalan hefði haft umboð til að gera samninga fyrir hann. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði gefið út 40 þúsund króna skuldabréf til seljandans fyrir eftirstöðvunum af kaupverðinu. Hann kvaðst hafa séð eftir kaupunum, strax og þau voru um garð gengin, og beðið ákærða að selja húsið strax aftur og verið guðsfeginn, er það seldist fyrir 160 þúsund krónur. Lítið vissi

Guðvarður um það, hverjum hann hafði selt eignina, hélt þó kaupandann heita Jóhann eða Jóhannes, og taldi sig einhvern tíma hafa séð hann. Guðvarður sagði, að hagnaður sinn af sölu hússins væri fölginn í skuldabréfi, er hann hefði beðið ákærða að geyma. Hélt Guðvarður því í þessari yfirheyrslu fast fram, að hann hefði verið raunverulegur kaupandi hússins og að hann væri eigandi skuldabréfsins. Ekki kvaðst Guðvarður hafa talið hagnað sinn fram til skatts. Hann hefði engu skattframtali skilað.

Ákærði Einar Gunnar Einarsson var síðan yfirheyrður. Ekki kvaðst hann muna, hvaða verð Gunnar hefði fyrst ætlað sér að fá fyrir hús sitt. Ákærði sagði, að Guðvarður hefði gert tilboð í húsið, er, um það er lauk, hefði miðazt við 110 þúsund króna kaupverð, og að þessu tilboði hefði Gunnar gengið. Kvaðst ákærði Einar Gunnar svo hafa samið um kaupin við Gunnar, að Guðvarði fjarstöddum, og goldið Gunnari umsamda útborgun, samtals kr. 70.000.00. Síðar hafi Guðvarður beðið hann og Andrés að selja húsið aftur. Einar Gunnar sagði, að Jóhannes Helgason hefði fyrst skoðað húsið, um svipað leyti og Guðvarður gerði sitt tilboð, og staðhæfði, að Gunnari Jónssyni hefði verið kunnugt um bæði tilboðin, Guðvarðs og Jóhannesar, en tekið tilboði Guðvarðs, vegna þess að hann hefði boðið 20 þúsund krónum hærri útborgun en Jóhannes. Kvað ákærði Einar Gunnar það hrein ósannindi, að Gunnari hefði ekki verið kunnugt um tilboð Jóhannesar. Kvaðst hann sjálfur hafa kynnt Gunnari bæði tilboðin í skrifstofu sinni. Er Einar Gunnar var inntur eftir því, hvernig Guðvarður Skagfjörð hefði greitt féð til útborgunarinnar, neitaði hann að greina frá því. Taldi hann það trúnaðarmál gagnvart skjólstæðingi sínum, Guðvarði. Ekki kvað Einar Gunnar Guðvarð hafa gefið út skuldabréf það, kr. 40.000.00, er gert var ráð fyrir í samningnum, heldur hefði skuldabréf, er Jóhannes gaf út síðar, verið látið ganga til Gunnars. Gunnari hefði verið fullkunnugt um verð það, er Jóhannes greiddi fyrir húsið, og hann hafi beinlínis boðizt til að gefa út afsal fyrir því beint til Jóhannesar. Ekki mundi Einar Gunnar, hvort báðir hefðu verið viðstaddir samtímis til að undirrita skjölin, þeir Jóhannes og Gunnar.

Ákærði Einar Gunnar neitaði því með öllu, að hann hefði skrifað skattframtal fyrir Jóhannes. Vera mætti, að hann hefði tekið við upplýsingum frá honum um launatekjur hans, en hann hefði sjálfur ekki gengið frá framtalinu, og kunni hann enga skýringu á því, að því hafði ekki verið skilað í tæka tíð.

Ákærði kvað í sinni vörzlu vera 55 þúsund króna skuldabréf það, er Jóhannes hefði gefið út í sambandi við kaupin, en eigandi þess væri Guðvarður Skagfjörð Sigurðsson.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg hélt því einnig fram við fyrstu yfirheyrslu, að Guðvarður Skagfjörð hefði raunverulega gert tilboð í Þrastargötu 7. Hefðu kaup þessi síðan verið gerð, og ákærðu annazt útborgun fyrir hönd Guðvarðs, en ekkert taldi Jón Andrés Sveinn sig vita um það, hvort eða hvernig Guðvarður hefði greitt skrifstofunni fé til þeirrar útborgunar. Hann segir, að Gunnari hafi verið sagt, að Guðvarður keypti húseignina til þess að selja hana aftur. Ekki kvaðst Jón Andrés Sveinn muna, hvort Jóhannes hefði verið búinn að gera sitt tilboð, áður en Gunnar samþykkti tilboð Guðvarðs. Kvaðst hann þó hafa það á tilfinningunni, að Gunnari hefði verið kunnugt um tilboð Jóhannesar, áður en salan til Guðvarðs var endanlega ákveðin, en ekki gerði hann nánar grein fyrir þessu og taldi sig að öðru leyti muna óljóst atvik að þessum viðskiptum. Hann taldi sig ekki vita, hvort Gunnar hefði gefið út afsal til Guðvarðs, hvort Guðvarður hefði gefið út skuldabréf til Gunnars, hvort kaupsamningi hefði verið þinglýst né hvers vegna Gunnar afsalaði beint til Jóhannesar. Hann hélt því fram, að Guðvarður væri eigandi skuldabréfsins, er lægi í skrifstofunni hjá ákærðu.

Var nú gengið á Guðvarð um að gera nánari grein fyrir viðskiptunum, og jataði Guðvarður þá, að hann hefði skýrt rangt frá áður. Hann hefði aldrei verið raunverulegur eigandi að umræddri eign, heldur gert það fyrir orð ákærða Jóns Andrésar Sveins að undirrita kautilboðið. Hann hefði engan hagnað haft af viðskiptum með eignina og hann væri ekki eigandi skuldabréfsins, er áður getur. Sér hefði ekki verið kunnugt um, er hann gerði kautilboðið, að fyrir hafi legið kautilboð Jóhannesar Helgasonar um 160 þúsund krónur, og eftir að hann frétti, að Jóhannes væri orðinn eigandi hússins, hefði hann talið sig lausan allra mála.

Ákærði Einar Gunnar sagði, er á hann var gengið, að hann vissi ekkert um, hvers konar samkomulag hefði verið milli Guðvarðs og Jóns Andrésar Sveins. Hann kvaðst ekki hafa vitað betur en að Guðvarður væri raunverulegur kaupandi. Hann hefði talið Guðvarð raunverulegan eiganda skuldabréfs þess, er skrifstofan varðveitti. Enn hélt Einar Gunnar fast við það, að hann hefði kynnt Gunnari tilboð Jóhannesar og að hann hefði sagt, að Guðvarður mundi ætla að braska með eignina. Gunnar hafi

þó heldur viljað taka tilboði Guðvarðs. Hélt Einar Gunnar við framburð þennan við samprófun við Gunnar Jónsson, en tók þó fram, að ekki væri víst, að hann hefði nefnt nafn Jóhannesar við Gunnar, en áreiðanlega sagt honum frá efni tilboðsins og fjárhagsástæðum tilboðsgjafa.

Var nú ákærði Jón Andrés Sveinn yfirheyrður að nýju. Játtaði hann nú, að hann hefði, er Jóhannes bauð 160 þúsund krónur í húsið, fallið fyrir þeirri freistingu að hagnast þarna sjálfur um þá fjárhæð, er svaraði til mismunarins á tilboðunum. Hefði hann því fengið Guðvarð Skagfjörð til þess að vera til málamynda kaupandi að húsinu, en raunverulegur kaupandi kveðst ákærði Jón Andrés Sveinn hafa verið sjálfur. Hann hafi greitt Gunnari útborgunina, 70 þúsund krónur. Síðar hafi hann í þess stað tekið til sín útborgun Jóhannesar, samtals 65.000.00, og enn fremur skuldabréf það, er áður getur, og er það að fjárhæð 60 þúsund krónur, en ekki 55 þúsund krónur, eins og gert er ráð fyrir í kaupsamningnum, en svo sem fyrr er greint frá, hefur ekki fengizt skýring á því, hvernig á því stendur.

Enn hélt Jón Andrés Sveinn því þó fram, að sig minnti, að hann hefði lauslega minnzt á tilboð Jóhannesar við Gunnar, en Gunnar ekki sýnt á því neinn áhuga.

Ákærði Jón Andrés Sveinn hélt því fram, að hann hefði síðar verið kominn á fremsta hlunn með að fara til Jóhannesar, skýra honum frá því, hvernig viðskiptunum hefði verið háttað í raun og veru, og skila honum skuldabréfinu, ef Jóhannes greiddi honum mismuninn á útborgununum, kr. 5000.00, og einhverju sinni hefði hann farið heim til Jóhannesar þessara erinda, en Jóhannes ekki verið heima.

Við samprófanir, er fram fóru að þessu loknu, viðurkenndu ákærðu báðir, að þeir myndu aldrei hafa nefnt Jóhannes á nafn við Gunnar, og hélt Einar Gunnar því nú fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboð Jóhannesar fyrr en síðar. Jón Andrés Sveinn hélt því einnig fram nú, að hann hefði verið alveg einn um brot sitt, og hefði hann leynt Einar Gunnar tilboði Jóhannesar, meðan stóð á samningum við Gunnar Jónsson.

Svo sem rakið hefur verið, hélt Einar Gunnar því framan af eindregið fram, að hann hefði vitað um tilboð Jóhannesar og kynnt Gunnari Jónssyni það, meðan á samningum stóð, en síðar hvarf ákærði frá þessum framburði og hélt því þá fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboðið fyrr en síðar. Gaf hann þá skýringu á þessu, að hann hefði viljað „reyna að forða skrif-

stofu þeirra bræðra frá óorði“. Kvaðst Einar Gunnar, er hann frétti, að Gunnar eða Jóhannes hygðust kæra viðskipti þeirra, hafa gengið á ákærða Jón Andrés Svein um það, hvað satt væri í málinu, og hann haldið því fram, að hann hefði kynnt Gunnari bæði tilboðin, og þessu kveðst ákærði Einar Gunnar hafa treyst.

Rannsókn var beint að því, með hverjum hætti Jóhannes hefði greitt 5 þúsund króna geymsluféð til skrifstofunnar. Jóhannes sagði, að hann hefði þá hitt ákærðu báða í skrifstofunni, og það hefði verið að ráðum beggja, að hann var látinn greiða þetta geymslufé. Jóhannes hélt því fram, að Jón Andrés Sveinn hefði gefið kvittun fyrir fénu, en Einar Gunnar veitt því viðtöku. Einar Gunnar mótmælti því algerlega að hann hefði tekið við fénu. Hann hefði ekkert vitað um þetta fyrr en löngu síðar. Náðist ekki samræmi í framburðina þrátt fyrir samrófun.

Eftir að málið var höfðað, var enn gengið á Jóhannes um þetta atriði. Sagði hann nú, að Einar Gunnar myndi hafa skrifað kvittunina, en hann gæti þó ekkert fullyrt um það. En ákærðu hefðu báðir verið viðstaddir, er hann greiddi féð.

Þar sem rithönd ákærða Einars Gunnars virtist vera á meginmáli kvittunarinnar, var hann spurður, hvort svo væri. Kannaðist Einar Gunnar við það. En hins vegar hélt hann því enn fram, að hann myndi ekkert eftir viðtöku fjárins. Hann gaf á þessu þá skýringu, að algengt hefði verið, að hann hefði gengið frá ýmsum skjölum fyrir Jón Andrés Svein að beiðni hans, án þess að hann setti sig neitt inn í þau viðskipti, sem um var að ræða.

Að loknu þinghaldi 5. nóvember 1959 afhenti ákærði Jón Andrés Sveinn rannsóknardómaranum skuldabréf það, sem Jóhannes hafði gefið út og reyndist vera að fjárhæð kr. 60.000.00. Bréf þetta er dagsett 3. nóv. 1958. Einnig var dómaranum afhent tilboð Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar í húseignina nr. 7 við Þrastargötu með árituðu samþykki Gunnars Jónssonar. Er kaup-tilboðið dagsett 29. okt. 1958, en samþykki Gunnars 30. okt.

Þeir Gunnar Jónsson, ákærði Einar Gunnar og Guðvarður Skagfjörð hafa verið spurðir nánar eftir dagsetningum þessum. Einar Gunnar segir, að sér virðist sennilegast, að hann hafi misritað dagsetningu tilboðsins 29. október í staðinn fyrir 29. ágúst, því að einmitt um það leyti hafi tilboðið verið gert. Sýni það og, að um villu hafi verið að ræða, að í tilboði þessu er gert ráð fyrir, að húsið skuli rýmt fyrir 10. október. Gunnar Jónsson segist hafa undirritað samþykkið um mánaðamót ágúst og sept-

ember 1958 og hafi skjalið þá verið ódagsett og nafn Guðvarðs eigi á því. Guðvarður man ekkert fyrir víst um það, hvenær hann undirritaði skjalið, en hann hafi gert það einhvern tíma um haustið og Jón Andrés Sveinn komið til sín þeirra erinda. Við samprófun þeirra Gunnars Jónssonar og ákærða Einars Gunnars hefur ákærði kannast við, að það muni rétt vera, að Gunnar hafi ritað nafn sitt undir samþykki við tilboðinu, áður en Guðvarður hafi ritað undir tilboðið. Hafi þetta gerzt í sambandi við það, að Gunnar var að fara úr bænum, og hafi átt að geyma samþykkið, ef tilboðið skyldi koma á meðan. Tilboðið gerir ráð fyrir 80 þúsund króna útborgun, en þeirri tölu hefur síðan verið breytt með penna í 60 þúsund. Segist Einar Gunnar hafa gert breytingar þessar eftir fyrirmælum Jóns Andrésar Sveins, sem komið hafi fram fyrir hönd Guðvarðs. Gunnar vildi ekki fallast á tilboðið, eftir að því hafði verið breytt á þessa lund, en gekk að því, er útborgunin hafði verið hækkuð upp í 70 þúsund krónur. Ekki hefur fleira komið fram til skýringar þessu atriði.

Verður nú dregið saman það, sem fram hefur komið um ákæru-lið I.

Gunnar Jónsson bauð í fyrstu hús sitt til sölu fyrir 140 þúsund krónur, að hann telur, en féllst að lokum á að selja það fyrir 110 þúsund krónur, þar af 70 þúsund útborgun. Þegar Gunnar féllst á þetta hinn 10. september 1958, hafði þegar borizt tilboð í eignina frá Jóhannesi Helgasyni, að fjárhæð 160 þúsund krónur. Er ljóst, að tilboð þetta lá þegar fyrir hinn 5. september, sbr. dagsetningu kvittunar fyrir 5000 króna greiðslu Jóhannesar. Þegar ákærða Jóni Andrési var kunnugt um, að fyrir lá kautilboð í eignina, ca. 50 þúsund krónum hærra en sölutilboðið, ákvað hann að hagnast sjálfur um þennan mismun. Í því skyni fékk hann kunningja sinn til þess pro forma að gera tilboð í eignina, er Gunnar Jónsson síðan samþykkti, en síðan seldi ákærði Jóhannesi Helgasyni húsið fyrir 160 þúsund krónur. Mismunurinn rann til ákærða Jóns Andrésar Sveins. Samkvæmt samningnum átti hagnaður Jóns Andrésar Sveins að nema 50.000.00 kr., en þar sem skuldabréf það, sem Jóhannes gaf út, var að fjárhæð 60 þúsund krónur í stað 55 þúsund, virðist hagnaðurinn hafa raunverulega orðið 55 þúsund krónur. Ljóst þykir, að Gunnar hafi verið leyndur tilboði Jóhannesar og að Jóhannes hafi verið leyndur því, að húsið var til sölu við miklu lægra verði en hann bauð í það (upphaflega á 140 þúsund krónur, en um það er lauk á 110 þúsund).

Hefur ákærði Jón Andrés Sveinn þannig notfært sér rangar hugmyndir þeirra Gunnars og Jóhannesar, þ. e. ókunnugleika þeirra á tilboðum hvors annars, til þess að hafa fé af þeim og þannig gerzt sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til úrlausnar þáttur ákærða Einars Gunnars í broti þessu. Svo sem fram er komið, neitar hann því, að hann hafi átt þátt í því, komið aðeins lítið nærri viðskiptunum og ekki vitað, hvernig í þeim lá í raun og veru. Sömu leiðis hefur ákærði Jón Andrés Sveinn haldið því fram, eftir að hann gekkst við broti sínu, að hann hafi framið það án aðstoðar og án vitundar ákærða Einars Gunnars, og aldrei hafi verið ætlað til þess, að hann hefði neinn hagnað af því.

Hins vegar benda eftirtalin atriði til þess, að ákærði Einar Gunnar hafi átt þátt í broti ákærða Jóns Andrésar Sveins:

a) Einar Gunnar samdi sjálfur um sölu íbúðarinnar við Gunnar Jónsson hinn 10. september 1958 og greiddi honum út 50 þúsund krónur upp í útborgun með tékka, er hann gaf út sjálfur.

b) Jóhannes Helgason heldur því fram, að Einari Gunnari hafi verið kunnugt um tilboð hans og tekið við 5000 króna greiðslu hans hinn 5. september 1958. Rithönd Einar Gunnars er á kvittun fyrir greiðslunni.

c) Jóhannes heldur því fram, að meðan á samningnum stóð, hafi hann aldrei vitað annað en Gunnar Jónsson væri seljandi að húsinu, og hafi hann þannig verið leyndur málamyndakaupum Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar. Einar Gunnar annaðist samningsgerðir af hálfu ákærðu.

d) Jóhannes heldur því fram, að Einar Gunnar hafi skrifað skattframtal hans, en á því er kaupverð hússins ranglega skráð 110 þúsund krónur.

e) Einar Gunnar hélt því í fyrstu eindregið fram í dómsrannsókn máls þessa, að hann hefði vitað um tilboð Jóhannesar og kynnt það Gunnari Jónssyni, og Gunnar hefði þannig vitað, hvað í boði var, er hann kaus að ganga að tilboði Guðvarðs. Hélt ákærði Einar Gunnar fast við þennan framburð, allt þar til að Guðvarður og Jón Andrés Sveinn höfðu horfið frá upphaflegum framburði sínum, og játaði Einar Gunnar þá, að hann hefði skýrt rangt frá til að reyna að forða skrifstofunni frá óorði. Eftir þetta hélt hann því aftur á móti fram, að hann hefði ekkert vitað um tilboð Jóhannesar, er hann samdi við Gunnar Jónsson.

Af því, sem hér síðast greinir, er í fyrsta lagi alveg ljóst, að ákærði Einar Gunnar hefur reynt að halda við ólöglegum af-

leiðingum af broti því, er framið hafði verið gagnvart Gunnari og Jóhannesi. En jafnframt verður að telja sannað, að Einari Gunnari hafi verið kunnugt um það, hvernig kaupum Guðvarðs Skagfjörðs Sigurðssonar á umræddri húseign var háttað, þegar kaupin fóru fram. Kemur þetta einkum fram í því, að sannað verður að telja, að Einar Gunnar hafi vitað um tilboð Jóhannesar þegar hinn 5. september 1958 og verið við það riðinn, er Jóhannes greiddi geymsluféð til skrifstofunnar. En eftir það annaðist Einar Gunnar um samningsgerðina við Gunnar Jónsson og leyndi hann þá tilboði Jóhannesar. Aftur á móti er ósannað, að Einari Gunnari hafi verið ætlað að hafa hagnað af brotinu.

Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærði Einar Gunnar hafi aðstoðað ákærða Jón Andrés Svein við brot hans gegn 248. gr. hegningarlaga, og hefur Einar því einnig gerzt sekur um brot gegn sömu lagagrein, sbr. 22. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 61/1942 eru lögmenn „opinberir sýslunarmenn“ og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því. Telja verður, að refsíákvæði XIV. kafla hegningarlaga taki til lögmanna, enda hefur verið litið svo á í reynd. Ákærði Einar Gunnar framdi brot sitt með misnotkun á stöðu sinni sem héraðsdómslögmaður, og ber því að ákveða honum refsingu með hliðsjón af 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Andrés Sveinn var hins vegar ekki opinber sýslunarmaður, þótt hann væri starfsmaður hjá héraðsdómslögmanni, og þykir nefnt ákvæði 138. gr. hegningarlaganna ekki eiga við hann.

Eins og áður segir, skilaði ákærði Jón Andrés Sveinn skuldaþréfi því, er fól í sér hagnað hans af broti hans. Þeir Jóhannes og Gunnar hafa komið sér saman um það, hvernig þeir skuli skipta með sér þessum endurgreidda ávinning, og hafa engar bótakröfur haft uppi í máli þessu.

II.

Á árinu 1959 bjó í húsinu nr. 52 B við Njálsgötu Árni Björgvin Jósefsson afgreiðslumaður, 40 ára að aldri. Nefnt hús er timburhús með viðbyggingu úr steini, en í henni bjó Árni Björgvin. Einnig tilheyrði íbúð hans eitt herbergi í timburhúsinu. Viðbyggingin er ein hæð og kjallari, 6,3×4,3 m að stærð, rúmmál alls 145,15 m³, en rúmmál herbergisins í timburhúsinu um 27 m³. Árni var eigandi þessa hluta hússins.

Vorið 1959 hugðist Árni selja hús sitt og kaupa sér nýtt hús-

næði. Hafði hann í þessu skyni leitað til fasteignasala. Í apríl frétti hann af íbúð í Silfurtúni 8, er væri til sölu á vegum fasteignasölu ákærðu. Setti Árni Björgvin sig í samband við ákærða Jón Andrés Svein og gerði tilboð í nefnda eign. Kvaðst Árni hafa handbærar 30 þúsund krónur. Árið áður höfðu Ingimar Jónsson og Jórunn Álfadóttir, eigendur að timburhúsinu Njálsgata 52 B, falað af Árna herbergi það í timburhúsinu, er sameinað hafði verið íbúð Árna, og boðið í það um 40 þúsund krónur. Gat Árni Björgvin þessa við ákærða. Hugsaði Árni Björgvin sér jafnvel, að sér mundi nægja að selja þetta eina herbergi til þess að hafa nóg fyrir útborguninni í húseignina nr. 8 við Silfurtún.

Af því tilefni, er nú var greint, hófust þau viðskipti Árna Björgvins við fasteignasölu ákærðu, er síðar leiddu til þess hinn 5. okt. 1959, að Árni Björgvin óskaði eftir opinberri rannsókn út af svikum, er hann taldi sig hafa verið beittan í viðskiptunum. Ber margt á milli í framburðum Árna og ákærðu og annarra, er um málið hafa borið, og verður að greina sérstaklega frá framburði hvers og eins hér á eftir. Áður er þó rétt að greina frá nokkrum staðreyndum, er fyrir liggja í málinu.

Guðjón Jónsson kennari, Skaftahlíð 16, en hann er mágur ákærða Jóns Andrésar Sveins, gerði skriflegt tilboð í allan eignarhluta Árna Björgvins í Njálsgötu 52 B. Bauðst hann til að kaupa eignina á kr. 200.000.00, greiða kr. 80.000.00 út, en eftirstöðvar með skuldabréfi til 10 ára. Á tilboð þetta hefur Árni Björgvin ritað hinn 6. maí 1959 samþykki sitt, þó þannig skilyrt, að kaupverðið verði kr. 220.000.00, en útborgun óbreytt.

Hinn 9. maí gera þeir Árni Björgvin og Guðjón svo kaupsamning um eignina. Kaupverð sé kr. 220.000.00, útborgun viðundirskrift samnings kr. 25.000.00, útborgun 1. okt. sama ár kr. 65.000.00, kaupandi taki að sér að greiða áhvílandi veðskuldir, að fjárhæð rúmlega 38 þúsund krónur, og eftirstöðvarnar skulu greiddar með veðbréfi til 10 ára.

Hinn 12. maí er svo gerður kaupsamningur milli Guðjóns Jónssonar og Ingimars Jónssonar, þar sem Ingimar kaupir af Guðjóni eitt herbergi í umræddu húsi fyrir kr. 50.000.00, er greiddar eru við undirskrift samnings. Undir samning þennan ritar fyrir sína hönd og Ingimars kona hans Jórunn Álfadóttir.

Þá selur Guðjón með kaupsamningi, dags 6. júní 1959, Kristni Guðbjarti Óskarssyni, Bókhöðustíg 9, eignarhluta sinn í Njálsgötu 52 B (steinbygginguna) fyrir kr. 250.000.00. Greiði Kristinn

Guðbjartur við undirskrift samnings kr. 40.000.00, 1. okt. s. á. kr. 15.000.00, fyrir árslok kr. 15.000.00. Þá tekur hann að sér að greiða veðskuldir, er á eigninni hvíla, alls kr. 123.725.91, og fyrir eftirstöðvunum gefur hann út veðskuldabréf til 10 ára.

Hefur Guðjón Jónsson samkvæmt þessu keypt eignina fyrir 220 þúsund krónur, en selt hana fyrir alls 300 þúsund, og hefur hagnaður af viðskiptunum þannig numið kr. 80.000.00.

Þess skal getið hér, að sá sami Guðjón Jónsson, sem að framman getur, gerði hinn 9. maí, þ. e. sama dag, sem kaupsamningur þeirra Árna Björgvins var gerður, samning f. h. Ara Jónssonar bróður síns, Borgarhöfn í Suðursveit, um kaup á húseigninni nr. 178 við Sogaveg fyrir kr. 200.000.00 af Grími Jónssyni. Samningi þessum var síðar riftað af hálfu seljanda, enda hafði eiginkona hans ekki samþykkt söluna fyrir sitt leyti.

Þegar Árni Björgvin gekk frá sölunni til Guðjóns Jónssonar, keypti hann jafnframt íbúðina í Silfurtúni 8 fyrir 225 þúsund krónur.

Árni Björgvin Jósefsson telur, að hann hafi verið beittur blekkingum af hálfu ákærða Jóns Andrésar Sveins Valbergs (og reyndar ákærða Einars Gunnars líka) í sambandi við húsakaup þessi, og verður nú framburður hans rakinn.

Hann segist hafa sagt ákærðu frá möguleikanum á að selja herbergið til Jórunnar og Ingimars, en segir, að ákærðu hafi báðir eindregið ráðið honum frá að eiga við þá sölu, myndi við það rýrna mjög sölugildi íbúðarinnar. Kveðst Árni hafa lagt trúnað á orð ákærðu, einkum Einars Gunnars. Jón Andrés Sveinn hafi nú óskað eftir því, að hann undirritaði sölutilboð, miðað við kr. 170.000.00 söluverð, en því kveðst Árni hafa neitað. Næsta dag kveðst Árni hafa komið í fasteignasölu ákærðu og átt tal við þá. Þeir hafi enn ráðið honum fast frá að láta sér detta í hug að selja herbergið sérstaklega. Þeir hafi nú rætt saman um væntanlegt söluverð á íbúðinni allri, og kveðst Árni Björgvin hafa talið 220 þúsund krónur, þar af 30 þúsund krónur útborgaðar, lágmarksverð af sinni hálfu.

Hinn 8. maí kveðst Árni Björgvin hafa gengið að tilboði um kaup á Silfurtúni 8. Segir hann, að reyndar hafi verið búið að breyta tilboði því, er hann hafði áður gert í eign þessa, honum í óhag, en samkomulag hafi þó orðið um kaugin og verið gengið frá því skriflega. Næsta dag kveðst hann svo hafa samþykkt kauptilboð Guðjóns Jónssonar.

Um hádegi hinn 9. maí segir Árni, að kona hans hafi sagt

honum það eftir Jórunni Álfisdóttur, að ákærði Jón Andrés Sveinn hefði boðið henni staka herbergið til kaups. Síðdegis kveðst Árni hafa farið til skrifstofu ákærðu og þá viljað afturkalla tilboð sitt um sölu á eigninni, enda hafi hann nú litið svo á, að verið væri að leika á hann í viðskiptum þessum. Ákærðu hafi brugðizt hinir verstu við, er hann sagði þeim þetta, og haldið því fram, að hann væri bundinn við tilboð sitt, sem búið væri að samþykkja. Af þessu kveðst Árni Björgvin ekki hafa séð sér annað fært en að skrifa undir kaupsamninginn við Guðjón Jónsson um Njálsgötu 52 B.

Árni Björgvin segir einnig, að eftir að hann hafi gert sölu-tilboðið, hafi margt fólk komið til að líta á íbúðina, og hafi ákærði Jón Andrés Sveinn sagt konu hans, að hún skyldi ekki sýna fólkinu staka herbergið með íbúðinni.

Árni kveðst síðar hafa komizt að því, að ákærði Jón Andrés Sveinn hafi þegar hinn 4. eða 5. maí verið búinn að binda það fastmælum við Jórunni og mann hennar að selja þeim herbergið.

Hefur Árni haldið því fram, að hann hafi verið með blekkingum fenginn til að gera sölutilboðið, þar sem honum hafi verið talin trú um, að hann mætti með engu móti selja herbergið frá íbúðinni, en jafnframt hafi, þegar áður en hann gerði tilboðið, verið búið að binda fastmælum um sölu á herbergi þessu, án vitundar hans. Auk þess hafi ákærðu ranglega haldið fram, að hann mætti ekki afturkalla tilboð sitt. Þá bendir Árni Björgvin á, að þáttur Guðjóns Jónssonar sé grunsamlegur. Guðjón hafi þóttzt vera að kaupa eignina fyrir bróður sinn, er væri að flytjast til Reykjavíkur, en sama daginn og hann keypti af honum (Árna), hafi hann gert kaupsamning um annað hús, einnig fyrir hönd hins sama bróður síns. Telur Árni, að Guðjón hafi aldrei verið raunverulegur kaupandi, en aðeins notaður af mági sínum, ákærða Jóni Andrési Sveini, til þess að hann gæti skapað sér hagnað af viðskiptum með þessa eign. Telur Árni og, að Guðjón hafi verið látinn gera þannig tilboð í fleiri húseignir.

Ákærðu munu hafa beðið Árna Björgvin að afsala eigninni beint til Kristins Óskarssonar, en Árni neitað því, og hefur hann aldrei gefið út neitt afsal fyrir eigninni.

Ákærði Jón Andrés Sveinn heldur því fram, að Guðjón mágur hans hafi leitað eftir húsnæði fyrir Ara bróður sinn, og kveðst hann þá hafa bent Guðjóni á húsnæði, sem Árni Björgvin var að hugsa um að selja. Hafi þetta leitt til þess, að Guðjón bauð í húsnæðið 200 þúsund krónur, en Árni Björgvin hafi svarað því

með gagntilboði, 220 þúsund (sbr. hér að framan). Guðjón hafi ákveðið að taka því tilboði. Nú hafi hann haft samband við Ara, og þá komið í ljós, að Ara gazt ekki að húsnæði þessu, og var einkum óánægður með staðsetningu þess. Hafi þá strax verið farið að athuga með annað húsnæði, og húsið nr. 178 við Sogaveg verið talið koma til mála. En þar sem búið hefði verið að samþykka með bindandi hætti tilboð Árna Björgvins, hafi Guðjón ekki haft peninga til að festa húsið við Sogaveg, ef hann yrði að standa við tilboðið gagnvart Árna. Hafi því verið tekið að athuga, hvort hægt væri að selja nágrönnunum áður nefnt herbergi. Þetta hafi gerzt einum eða tveimur dögum áður en endanlega var gerður kaupsamningur milli Guðjóns og Árna Björgvins.

Ákærði Jón Andrés Sveinn neitar því eindregið, að þeir Einar Gunnar hafi latt Árna Björgvin að selja herbergið sérstaklega. Þá heldur hann því eindregið fram, að Árni Björgvin hafi verið látinn vita það, áður en gengið var frá kaupunum 9. maí, að Guðjón hugsaði sér að selja íbúðina strax aftur og selja herbergið sérstaklega. Jón Andrés Sveinn hefur ekki viðurkennt, að Árni Björgvin hafi óskað þess þá, að tilboð hans gengi til baka, en ákærðu mótmælt því, að það væri hægt. Heldur hann því fram, að Árni hafi, er þetta gerðist, virzt vera hinn ánægðasti með skiptin og boðið Guðjóni það, að hann skyldi afsala eigninni beint til þeirra, er kynnu að kaupa af honum.

Seinna, einkum eftir að íbúðin hafði verið seld Kristni Óskarssyni, hafi komið fram óánægja hjá Árna Björgvin yfir viðskiptunum, og hafi hann þá neitað að undirrita afsal.

Ákærði Einar Gunnar hefur borið það, að hann hafi ekki fylgt framan af með tilraunum til að selja umrædda eign, en hins vegar komið þar nokkuð við sögu, eftir að málum var svo langt komið, að líkur voru til, að af kaupum yrði, og einu sinni hafi hann litið á húsnæðið. Einar Gunnar mótmælir algerlega, að Árna Björgvin hafi verið ráðið frá að selja sérstaklega herbergið til Ingimars og Jórunnar, en Árni hafi hins vegar sjálfur verið hræddur við það og talið, að hann mundi með því spilla sölugildi hins hlutans. Guðjón, sem verið hafi að athuga með íbúð fyrir bróður sinn, hafi ekki haft áhuga á þessari eign, ef herbergið yrði selt sérstaklega undan henni. Eftir að Guðjón hafði samþykkt gagntilboð Árna Björgvins, hafi hann haft það eftir Ara, að honum félli ekki þetta húsnæði, en hins vegar hafi Guðjón viljað standa við tilboð sitt gagnvart Árna. Einar Gunnar staðhæfir, að Árni hafi átt þess kost að láta kaupin ganga

til baka, en hann hafi haldið fast við þau, og samningurinn frá 9. maí því verið gerður. Einar Gunnar kveðst ekki hafa haft neitt samband við Jórunni og Ingimar, áður en þetta gerðist, en hins vegar kveðst hann hafa vitað það eftir upplýsingum frá Árna Björgvin, að þau myndu fús að kaupa herbergið. Einar Gunnar mótmælir því, að um málamyndasölu til Guðjóns hafi verið að ræða. Hagnaðurinn af viðskiptunum með þessa íbúð hafi runnið til Ara eða Guðjóns. Þá heldur Einar Gunnar því fram, að þegar Guðjón og Árni Björgvin sömdu endanlega um kaupin á Njálsgötu 52 B, hafi Guðjón sagt, að hann ætlaði að selja húsið aftur, þar sem Ari mundi ekki vera ánægður með það, og Árni hafi þá boðizt til að afsala eigninni beint til viðsemjanda Guðjóns.

Guðjón Jónsson staðhæfir, að hann hafi verið raunverulegur kaupandi eignarinnar fyrir hönd Ara bróður síns. Ari hafi ætlað sér að flytjast hingað með fjölskyldu sinni, og kveðst Guðjón hafa annast um öflun húsnæðis fyrir hann. Hann kveðst hafa gert tilboð í Njálsgötu 52 B, og er Árni Björgvin Jósefsson hafi gert gagntilboð sitt hinn 6. maí, kveðst hann strax samdægurs hafa samþykkt það. Daginn eftir kveðst hann hafa hringt til Ara og tjáð honum tíðindin, en heyrt á Ara, að hann var ekki ánægður. Kaus Ari fremur hús í úthverfi bæjarins. Samdægurs kveðst Guðjón hafa frétt um húsið Sogaveg 178, skoðað það og gert strax tilboð í það. Ekki kveðst Guðjón þá þegar hafa gert neinar ráðstafanir til að selja húsnæðið á Njálsgötu 52 B eða hluta þess. Ef Jón Andrés Sveinn hafi gert slíkar ráðstafanir, hafi hann gert það án samráðs við sig.

Guðjón segir, að þegar hann gerði kaupsamninginn við Árna Björgvin 9. maí, hafi svo verið ástatt, að sér hefði verið kærast að losna alveg úr þeim viðskiptum, en hann kveðst ekki hafa talið sér fært að ganga frá samþykki sínu á tilboði Árna, enda hafi hann vitað, að Árni var búinn að gera kaupsamning um Silfurtún 8 og taka á sig fjárskuldbindingar af þeim sökum. Hafi sér því fundizt ófært annað en að standa við kaupin. Guðjón segir, að er samningurinn var gerður, hafi þeir Árni Björgvin báðir verið staddir í skrifstofu ákærðu ásamt þeim. Árni Björgvin hafi þá rætt um að fá að ráðstafa sjálfur staka herberginu, en ekki kveðst Guðjón hafi viljað fallast á það, nema lækkað væri jafnframt söluverð hins hlutans, sem næmi rýrnun á sölugildi hans, og hafi ekki gengið saman um þetta atriði. Hins vegar kveðst Guðjón hafa gengið inn á að hækka útborgun úr 80 í 90 þúsund krónur (sbr. samninga, er áður voru raktir). Gegn því

hafi Árni Björgvin boðizt til að afsala eigninni beint til þeirra, er kynnu að kaupa af honum (Guðjóni) íbúðina, til þess þannig að komizt yrði hjá nokkrum þinglýsingar- og stimpil-kostnaði.

Guðjón telur sig ekki hafa vitað fyrr en við samningsgerðina um möguleikana á að selja herbergið til Jórunnar og Ingimars. Eftir að kaupin voru um garð gengin, hafi Jón Andrés Sveinn spurt, hvort hann ætti að reyna að selja herbergið fyrir hann, og hann samþykkt það. Hafi Andrés svo séð um þá sölu. Kveðst Guðjón hafa verið uggandi um, hvort það væri heppilegt, en hins vegar hafi hann verið búinn að taka á sig svo miklar skuldbindingar, að hann hafi ekki séð sér annað fært en að selja sem allra fyrst, og látið slag standa með sölnuna á herberginu, þar sem hann hafi ekki vitað, hvort strax væri hægt að selja íbúðina alla.

Salan til Kristins Óskarssonar hafi ekki komið til tals fyrr en í júní.

Guðjón neitar því með öllu, að nokkur samtök hafi verið milli hans og fasteignasölnunnar um umrædd kaup í því skyni að hagnast á þeim. Staðhæfir Guðjón, að fasteignasalan hafi ekkert haft upp úr kaupunum nema venjuleg sölulaun. Hagnaðinn eigi hann sjálfur.

Ari Jónsson, bróðir Guðjóns, fæddur 1921, fluttist til Reykjavíkur í júní 1959. Hann segir, að hann hafi falið Guðjóni að útvega sér húsnæði. Í maíbyrjun hafi Guðjón tilkynnt honum í síma, að hann væri búinn að festa kaup á húseigninni Njálsgötu 52 B fyrir hann. Ari segir, að sér hafi ekki litizt á þetta, og látið í ljós, að hann hefði fremur kosið húseign í úthverfi. Nokkru síðar hafi Guðjón svo hringt aftur og sagzt vera búinn að festa kaup á einbýlishúsi við Sogaveg, og kveðst Ari hafa mælt til, að hann semdi um þau kaup. Hafi Guðjón síðan alveg haft með þetta að gera. Ari heldur því fram, að fasteignasala ákærðu hafi ekki haft neinn hag af kaupunum og sölnunni á Njálsgötu 52 B. Kveður Ari hagnaðinn renna til sín sjálfs eða þeirra Guðjóns.

Vitnið Jórunn Álfadóttir, Njálsgötu 52 B, fædd 1888, hefur borið það, að henni og manni hennar hafi leikið hugur á því herbergi hússins, sem tengt hafði verið íbúð Árna Björgvins, og falað það af honum. Hann hafi ekki gefið nein ákveðin svör og síðan hafi ekkert verið samið við hann, en hinn 12. maí 1959 hafi svo verið gerður kaupsamningur um þetta herbergi fyrir milligöngu ákærða Jóns Andrésar Sveins. Það hafi verið um það

bil viku fyrir 12. maí, sem Jón Andrés Sveinn kom og bauð henni herbergið til kaups. Kveðst hún hafa verið fús til að kaupa herbergið, og Jón Andrés Sveinn þá sagzt ætla að bera þetta undir Guðjón Jónsson, sem væri seljandi. Tveimur dögum síðar hafi Jón Andrés Sveinn tilkynnt henni, að Guðjón væri fús að selja. Enn síðar hafi hann komið á fund hennar á laugardegi, og beðið hana að koma á tilsettum tíma og ganga frá kaupunum, og það hafi hún gert. Afsal hefur hún aldrei fengið fyrir herberginu.

Maður Jórunnar, Ingimar Jónsson, er sjúklingur (hefur fengið heilablóðfall) og hefur ekki getað komið fyrir dóm, enda virðist Jórunn hafa séð alveg um kaupin fyrir hönd þeirra hjóna.

Vitnið Kristinn Guðbjartur Óskarsson segir, að örfáir dagar hafi liðið, frá því að hann vissi um íbúðina á Njálsgötu 52 B og þar til hann keypti hana 6. júní 1959.

Samprófun Árna Björgvins við þá Einar Gunnar og ákærða Jón Andrés Svein leiddi ekki til samræmis í framburðum þeirra. Hélt Árni fast við það, að þeir hefðu neitað því með öllu hinn 9. maí, að Jórinni hefði verið boðið herbergið til sölu, en ákærðu kváðust ekki minnst þess. Þeir héldu því einnig fram gagnstætt framburði Árna, að Guðjón hefði verið fús til að láta kaupin ganga til baka, en Árni ekki viljað það. Jón Andrés Sveinn neitaði því enn með öllu, að hann hefði talið Árna af því að selja herbergið sérstaklega. Hann hélt því enn fram, að Árna hefði við samningsgerðina verið kunnugt um, að Guðjón ætlaði sér að selja strax aftur. Náðist ekkert samræmi við Árna um þessi atriði né önnur, svo sem þau, hvort Árni hefði boðizt til að afsala eigninni beint til þeirra, er keyptu af Guðjóni.

Svo sem í upphafi er greint, telur ákæruskjal ætlað brot ákærða Jóns Andrésar Sveins gegn 248. gr. almennra hegningarlaga fólgið í því, að ákærði hafi leynt Árna Björgvin kaupatilboði Ingimars Jónssonar í því skyni að fá hann til að fallast á að selja eignina fyrir augljóslega of lágt verð. Atvikalýsing sú hin langa, er á undan fer ákæruskjali, skýrir ekki nánar né víkkar þessa ákæru.

Skal nú athugað, hvort ákærði Jón Andrés Sveinn hafi framið verknað þann, er ákæra greinir.

Kemur þá fyrst til álita, hvort verð það, er Árni Björgvin seldi eignina fyrir, hafi verið augljóslega of lágt. Til skýringar þessu atriði voru dómkvaddir þeir Vagn E. Jónsson héraðsdómslögmaður og Bragi Þorsteinsson verkfræðingur, og skyldu þeir

skoða eignina og segja til þess, hvert verið hefði sanngjarnt söluverð hennar á umræddum tíma. Í skýrslu sinni lýsa matsmennirnir eigninni og komast að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt verð hennar, miðað við kaupsamninginn 9. maí 1959, hefði verið kr. 235.000.00. Ekkí telja þeir þó, að söluverðið 220 þúsund krónur geti talizt óhæfilega lágt. En kaupverðið á eigninni samkvæmt samningnum 6. júní, kr. 250.000.00, eftir að eitt herbergi hafði verið tekið undan, telja þeir óhæfilega hátt, enda fari það langt fram úr því verði, er kostað hefði að smíða nýtt steinhús á lóðinni af sömu stærð, þótt eignarlóðarréttindi væru metin hæsta gangverði.

Af framanskráðri atvikalýsingu er ljóst, að sitthvað er grunsamlegt af hálfu ákærða Jóns Andrésar Sveins og raunar Einars Gunnars líka í sambandi við viðskiptin með Njálsgötu 52 B. Guðjón Jónsson telur sig vera að kaupa eignina fyrir bróður sinn. Hann gerir þó annan kaupsamning um aðra húseign sama dag, einnig fyrir hönd hins sama bróður síns. Hann ber því við, að hann hafi gert það vegna þess, að Ari hafi þá verið búinn að láta í ljós, að hann væri óánægður með húsið við Njálsgötu. Guðjón hverfur þó ekki frá kaupum á því húsi. Hann heldur því fram, að hann hafi talið sig bundinn af samþykki, er hann segist hafa gefið við hinu nýja tilboði Árna Björgvins frá 6. maí (þ. e. samþykki Árna á fyrsta tilboði Guðjóns með því skilyrði, að kaupverð hækki um 20 þúsund kr.). En ekki verður séð, að Guðjón hafi nokkurn tíma samþykkt þetta nýja tilboð Árna Björgvins með þeim hætti, er bindandi væri fyrir hann, og hefði hann því löglega getað horfið frá kaupunum á Njálsgötu 52 B, ef hann hefði viljað. Gerir þetta þátt Guðjóns Jónssonar í kaupum þessum næsta tortryggilegan. Þá er að sjá af framburði Jórunnar Álfisdóttur, að ákærði Jón Andrés Sveinn hafi þegar um 5. maí boðið henni eitt herbergi af íbúðinni til kaups, þ. e. á þeim tíma, er Guðjón telur sig ekki hafa vitað annað en að Ari mundi sætta sig við íbúðina. Er mjög óeðlilegt, að herbergið skyldi boðið fram til sölu, áður en gengið var úr skugga um, hvort Ari sætti sig við íbúðina. Bendir þetta til þess, að í upphafi hafi það verið ætlun ákærða Jóns Andrésar Sveins að láta mág sinn kaupa íbúðina til þess að selja hana aftur og skapa sér þannig hagnað. Samkvæmt því, sem Árni Björgvin Jósefsson lýsir atvikum öllum að skiptum sínum við ákærða, eru allar líkur til þess, að tilgangur þeirra Guðjóns og Jóns Andrésar Sveins hafi verið þessi. Rétt er að taka hér fram, að

á þessum tíma var þó kauptilboð Kristins Guðbjarts Óskarssonar ekki komið fram, enda kom hann ekki við sögu fyrr en all löngu síðar.

En gegn samhljóða neitun ákærðu er ósönnuð sú staðhæfing Árna Björgvins, að ákærðu hafi blekkst hann með því að leyna hann kauptilboði Ingimars Jónssonar og Jórunnar konu hans. Hafa ekki komið fram næg gögn til styrktar þessum framburði Árna. Á það er og að líta, að Árni Björgvin vissi fyrstur manna um óskir þeirra hjóna að fá herbergið keypt. Og ekki er sannað gegn neitun ákærðu, að þeir hafi reynt að telja Árna af því að eiga kaup við þau Jórinni og Ingimar. Loks er á það að líta, að Árni Björgvin fékk engan veginn óhæfilega lágt verð fyrir íbúðina, enda þótt ákærðu og Guðjóni tækist síðar að selja hana fyrir óhæfilega hátt verð.

Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna ákærða Jón Andrés Svein Valberg af ákærulið II.

III.

Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 68. gr. sömu laga að svipta ákærða Einar Gunnar Einarsson leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Dæma ber ákærða Jón Andrés Svein til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og ákveðast þau kr. 6000.00. Verjandi ákærða Einars Gunnars, Kristján Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum, ef svo færi, að skjólstæðingur hans yrði sakfelldur.

Allan annan sakarkostnað ber að ákveða, að ákærðu greiði in solidum, þar á meðal málssóknarlaun sækjandans, Benedikts Blöndals cand. juris, er ákveðast kr. 6000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Einar Gunnar Einarsson og Jón Andrés Sveinn Hallgrímsson Valberg, sæti, hvor um sig, fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Einar Gunnar Einarsson er sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Ákærði Jón Andrés Sveinn greiði málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal kr. 6000.00 í málssóknarlauð skipaðs sækjanda, Benedikts Blöndals cand. juris.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1962.

Nr. 59/1961. **Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Hallórsson
og Egill Skúli Ingibergsson**

gegn

**Ágúst Sigurðssyni og
til réttargæzlu**

**Kristínu Gissurardóttur og
Höskuldi Jóhannessyni og
Guðbjörgu Þórðardóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að láta fara fram mat dómkvaddra kunnáttumanna á:

- 1) hæfilegu söluverði hinn 10. júní 1958 á rishæð í húsinu nr. 48 við Drápuhlið í Reykjavík með þeim gögnum og gæðum, er segir í kaupsamningi aðilja 10. júní 1958 og afsali 15. september 1958, enda sé við matið tekið tillit til lýsingar þeirrar á nefndu húsnaði, sem fram kemur í matsgerðum 10. apríl 1959 og 13. júní 1959,
- 2) hæfilegu söluverði hinn 10. júní 1958 á húseigninni nr. 7 við Bústaðahverfi í Reykjavík, er gekk upp í kaupverð rishæðarinnar í húsinu nr. 48 við Drápuhlið.